

Tilkynning um áform ÍsóFit ehf hvað varða rekstur líkamsræktarstöðvar á Ísafirði.

Ísófit ehf hefur hug á að reka alhliða heilsumiðstöð á Ísafirði. Það felur í sér að fyrirtækið, sem hefur hingað til rekið CrossFit Ísafjörð ætlar sér að taka upp annað nafn og víkja frá CrossFit nafninu og fyrirkomulaginu. Ísófit hefur stefnt að vexti og uppbyggingu innan fyrirtækisins og langar að geta boðið bæjarbúum upp á alla líkamsrækt á einum stað í metnaðargjörnu og framsæknu starfi.

ÍsóFit ehf hefur nú þegar gert formlegt kautilboð í eign á góðum stað á Ísafirði þar sem hægt verður að byggja upp frábæra aðstöðu til heilsuiðkunar og reiknar félagið með að þau kaup verði frágengin innan skamms. Ísófit stefnir á langtíma uppbyggingu á þessu sviði með kaupum á húsnæðinu og þar eru ýmsir möguleikar til staðar til frekari uppbyggingar á ýmsum sviðum sem varða heilsuiðkun. Eignin sem um ræðir er rúmlega 650 m² að stærð. ÍsóFit hefur ráðið starfsmann í afgreiðslu og þrif nú þegar.

Ný líkamsrækt ÍsóFit hefur fengið nafnið **Stöðin Heilsurækt** og þar er fyrir séð að verði hægt að bjóða upp á mjög fjölbreytta líkamsrækt og hópatíma. Í **Stöðinni** verður stór hópatímasalur, minni salur sem hentar hópum, spinning og hverskyns tímum, tækjasalur/svæði sem og lyftingaraðstaða með lóðum og öðrum búnaði. Í **Stöðinni** sér ÍsóFit einnig fram á að verði hugsanlega aðstaða fyrir nuddara, kírópraktóra, sjúkraþjálfara eða aðra sem vilja leigja rými til lengri eða skemmri tíma fyrir sína heilsutengdu starfsemi.

ÍsóFit þjónustar nú þegar íþróttafélögin og HSV með leigu á sal til styrktarþjálfunar ýmissa flokka og í **Stöðinni** verður því haldið áfram í enn betri aðstöðu. ÍsóFit sér einnig fram á að geta þjónustað aðra hópa eins og eldri borgara, börn og unglínga.

ÍsóFit vill koma því á framfæri að allir þjálfarar, hóptímaþjálfarar sem og einkaþjálfarar eru mjög velkomnir með sína starfsemi inn í **Stöðina** og saman getum við byggt upp frábæra heilsumiðstöð fyrir bæjarbúa Ísafjarðarbæjar.

Stjórnendur ÍsóFit hlakkar mikið til að takast á við þetta verkefni og bjóða bæjarbúum upp á fyrirmyndar aðstöðu til heilsuræktar.

Meðfylgjandi er rekstraráætlun fyrirtækisins.

